



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sent inn í samráðsgátt Stjórnarráðsins

Reykjavík, 20. janúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, mál nr. S-318/2019

Tilv. 202001-0008

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, mál nr. S-318/2019, sem birt var í samráðsgátt Stjórnarráðsins 18. desember sl. Samhliða var lagt fram frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, mál nr. S-317/2019, þar sem frumvörpin eru nátengd beinast athugasemdirnar að mestu leyti að báðum frumvörpum og vísast því til umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, eftir því sem við á.

Almennt

Bændasamtök Íslands telja lagasetninguna ekki tímabæra. Samtökin hafa lagt áherslu á að við stjórn og skipulag málaflokksins verði ekki fært á eina hendi, þ.e. ríkisins, og hafa lýst áhyggjum af því að skipulagsvald sveitarfélaga verði skert þar sem þau eiga lögsögu innan svæðis sem félli undir fyrirhugaðan þjóðgarð. Hætt er við að yfirsýn og utanumhald tapist eða rýrni til muna. Hálandismálum er að mati samtakanna best sinnt af heimamönnum enda er hagur þeirra að vel sé á málum haldið. Um þetta vísast einnig til umsagnar Bændasamtaka Íslands til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 9. maí 2019 [um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða \(778. mál\)](#).

Dvöl, umgengni og umferð í þjóðgördum

Skv. 8. mgr. 27. gr. frumvarpsins skulu ákvæði náttúruverndarlaga og reglugerðir settar með stoð í þeim, víkja fyrir ákvæðum laga fyrirbyggjandi frumvarps um akstur utan vega í þjóðgarði. Ákvæði 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 hefur mikla þýðingu hvað varðar hefðbundna nýtingu bænda á landsvæðum innan þjóðgarða. Í frumvarpi um hálandisþjóðgarð sem einnig er til kynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins segir í 10. gr. að hefðbundin landnýting sé réthöfum heimil í þjóðgarðinum að þar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í 4. kafla almennra athugasemda við sama frumvarp segir að gert sé ráð fyrir að hefðbundin landnýting innan þjóðgarðsins verði réthöfum áfram heimil, sem þýðir að óbein eignarréttindi innan hans, svo sem beitar- og veiðiréttur, skerðast ekki. Þá segir í 6. kafla um mat á áhrifum að gert sé ráð fyrir




að hefðbundin landnýting verði rétt höfum áfram heimil og stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hafi ekki nein áhrif á þann rétt.

Bændasamtökin telja að kveðið sé á um of víðtæka heimild í 27. gr. frumvarpsins til skerðingar á eignarréttindum rétthafa og eru mótfallin því að ákvæði laganna gangi framur ákvæðum laga um náttúruvernd að þessu leyti. Ákvæðið er í mótsögn við það sem fram kemur í 10. gr. frumvarps til laga um hálandisþjóðgarð sem og athugasemdir í greinargerð með frumvarpinu en Bændasamtökin leggja mikla áherslu á að hefðbundin nýting verði ekki skert með lögnum nema í undantekningartilvikum sem eru skýrt skilgreind fyrirfram.

Samantekt

Með vísan til framangreinds leggjast Bændasamtökin gegn því að frumvarpið verði að lögum. Samtökin telja almennt ekki skynsamlegt að málið verði afgreitt á undan rammaáætlun, skilgreiningu sjálfbærni viðmiða og niðurstöðu átakshóps stjórnvalda um flutningskerfi raforku. Mikilvægt er að samkomulagi við öll sveitarfélög um málið verði náð um stofnun miðhálandisþjóðgarðs áður en farið verður í lagasetningu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir